

Fundargerð 66. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 10. maí 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Reynir Ólafsson,  
Inga Sólnes  
Berglind Kristinsdóttir  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Drög að ársreikningi fyrir árið 2011*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að ársreikningi fyrir árið 2011.
3. *Ráðgjafasamningur vegna mats á þjónustusamningi*  
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri kynntu fyrir stjórn formála þess að unnið er að undirbúningi ráðgjafasamnings vegna mats á þjónustusamningi.
4. *Leigusamningur v.Bogatraðar 1, bygg. #534*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn leigusamning við ört vaxandi tæknifyrirtæki sem ætlar að staðsetja sig á Ásbrú og hefur gert leigusamning v.Bogatraðar 1. Stjórn samþykkti samninginn og lýsti ánægju sinni með nýjan leigutaka.
5. *Önnur þróunarverkefni*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn hugmyndir að öðrum þróunarverkefnum sem eru í farvatninu. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna áfram að þessum málum.
6. *Önnur mál*  
Aðalfundur.  
Stefnt að aðalfundi í lok maí eða byrjun júní.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stefnt er að næsti stjórnarfundur verði 14. júní 2012.

*Vilhj. H. Vilhjálmsson*  
*Reynir Ólafsson*  
*Inga Sólnes*

*Berglind Kristinsdóttir*